

Endanlegir skilmálar

OR280845 GB

gefnir út af Orkuveitu Reykjavíkur (LEI númer 5493004ARP9VPUIX5B73)
í samræmi við 170.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla án eigendaábyrgðar
dagsettan 27. janúar 2025.

6. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: 26. júní 2025

Gengi við sölu verðbréfanna: 97,0608

(„verðbréfin“ eða „skuldabréfin“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 2. október 2024 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 170.000.000.000 kr. útgáfuramma Orkuveitu Reykjavíkur (einnig „Orkuveitan“).

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, www.or.is/um-or/fjarmal. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dags. 2. október 2024. Samantekt í tengslum við útgáfu verðbréfanna er að finna í hluta III í endanlegum skilmálum þessum.

Hluti I: Skilmálar

1. Útgefandi

Orkuveita Reykjavíkur. Grein 1 gildir um verðbréfin.

2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um verðbréfin.

Útgáfugjaldmiðill verðbréfanna: ISK

Nafnverð útgáfu: 600.000.000,-.

Nafnverðseiningar: Verðbréfin eru gefin út í einingum sem hver er 1 kr. að nafnverði.

Áður útgefin verðbréfi í flokki: Áður hafa verið gefin út og tekin til viðskipta verðbréf að nafnverði 8.000.000.000,-

Heildarheimild flokks: Opin heimild. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

3. Útgáfuform

Grein 3 gildir um verðbréfin.

Verðbréfamiðstöð: Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („verðbréfamiðstöð“).

4. Upplýsingar um eigendur verðbréfanna

Grein 4 gildir um verðbréfin.

5. Greiðsluform

Grein 5 gildir um verðbréfin.

6. Verðtrygging

Verðtrygging:

Skuldabréfin eru verðtryggð og gilda greinar 6.1 og 6.1(a) um þau.

Grunnvísitölugildi: 633,00667 þann 29. ágúst 2024, dagvísitala.

7. Vextir

Grein 7.1 gildir um skuldabréfin. Greiðsla vaxta skal vera á 6 mánaða fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann 28. febrúar 2025 og í síðasta sinn á lokagjalddaga þann 28. ágúst 2045.

Form vaxta: Fastir vextir og gildir grein 7.2 um skuldabréfin.

Fastir vextir:

Fastir ársvextir eru 3,70%.

Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, innan 6 mánaða frá útgáfudegi skuldbréfanna eða ef þau verða tekin úr viðskiptum á skipulegum markaði, þá hækka vextir skuldbréfanna sjálfkrafa frá þeim tímapunkti um 1 prósentustig (100 punkta), eða í 4,70% fasta vexti á ári. Grein 7.4 gildir um skuldabréfin.

Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur degi fyrir fyrsta vaxtagjalddaga. Vaxtatímabil frá og með öðru tímabili er 6 mánuðir. Grein 7.5 gildir um skuldabréfin.

Dagaregla: 30E/360. Grein 7.6 gildir um skuldabréfin.

8. Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Jafnar greiðslur og gilda greinar 8.2 og 8.2.(a) um skuldabréfin.

Fjöldi og tíðni afborgana (um jafnar greiðslur er að ræða): 42 á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga.

Fyrsta greiðsla afborgana: 28. febrúar 2025.

Lokagjalddagi: 28. ágúst 2045.

Uppgreiðsluheimild: Grein 8.6 gildir um skuldabréfin. Útgefanda er því heimilt að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti. Umframgreiðsla er einungis heimil á eftirfarandi hátt:

Umframgreiðsla er heimil á öllum gjalddögum höfuðstóls frá og með 28. ágúst 2037.

Útgefandi skal þá greiða umframgreiðslugjald af þeirri fjárhæð sem greidd er umfram sammingsbundna afborgun höfuðstóls og vaxta. Skal umframgreiðslugjaldið nema 1,0% en lækka í 0,5% frá og með 28. ágúst 2041.

9. Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)

Grein 9 gildir um skuldabréfin.

10. Bann við veitingu tryggingarréttinda

Grein 10 gildir um skuldabréfin.

11. Löggjöf um útgáfuna

Grein 11.(a) gildir um skuldabréfin.

12. Sérstök yfirlýsing

Eftirfarandi staflíðir greinar 12 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E, G, H.

13. Vanefndir

Grein 13 gildir um skuldabréfin.

14. Sérstakar gjaldfellingarheimildir

Eftirfarandi staflíðir greinar 14.1 gilda um skuldabréfin: A, B, þar sem viðmiðunarfjárhæðin er kr. 2.000.000.000 en sú fjárhæð er bundin verðtryggingarvísitölunni, með sama grunnvísitölugildi og höfuðstóll skuldabréfanna á útgáfudegi, og breytist hún með sama hætti frá einum tíma til annars og höfuðstóll skuldabréfanna, C þar sem fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar ársreiknings skal vera fyrir árið 2024 og síðast fyrir árið 2044 og fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar fjárhagsáætlunar skal vera fyrir árið 2025 og síðast fyrir árið 2045, D þar sem fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar ársreiknings skal vera fyrir árið 2024 og síðast fyrir árið 2044 og fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar fjárhagsáætlunar skal vera fyrir árið 2025 og síðast fyrir árið 2045, E, F, G, H, I, J, L þar sem frestur til töku til viðskipta á skipulegum markaði skal vera innan 6 mánaða frá útgáfu. Jafnframt gildir grein 14.2 um skuldabréfin.

15. Skilmálabreyting

Grein 15 gildir um skuldabréfin og telst samþykki eigenda að lágmarki 66,67% skuldabréfanna vera „almennt samþykkishlutfall“ en samþykki eigenda 90% skuldabréfanna telst „aukið samþykkishlutfall“.

16. Ágreiningsmál

Grein 16 gildir um verðbréfin.

17. Hlunnindi

Grein 17 gildir um verðbréfin.

18. Skattaleg meðferð

Grein 18 gildir um verðbréfin. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Eigendur verðbréfanna bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af verðbréfunum

19. Græn skuldabréf

Grein 19 gildir um skuldabréfin. Dagsetning græna fjármögnunarrammans er október 2024.

20. Sérstök skilyrði

Grein 20 gildir um skuldabréfin.

21. Eigin bréf

Grein 21 gildir um skuldabréfin.

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	Skráning og taka til viðskipta	
	Skráning og taka til viðskipta:	Verðbréf í flokknum IS0000036648 að nafnvirði 8.000.000.000,- eru þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Óskað verður eftir að aukning verðbréfaflokksins að nafnvirði 600.000.000,- verði einnig tekin til viðskipta á sama markaði. Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	26. júní 2025.
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Kvika banki hf., Landsbankinn hf. og Fossar fjárfestingarbanki hf. sjá um viðskiptavakt með skuldabréfin. Viðskiptavakar skuldbinda sig til að setja fram dag hvern, kaup- og sölutilboð í skuldabréfin. Tilboð skulu vera að lágmarki 20 m.kr. að nafnvirði og skal hámarksmunur milli kaup- og sölutilboða vera mest 1,5%. Viðskiptavakar skulu endurnýja tilboð sín eigi síðar en 15 mínútum frá því að þeim hefur verið tekið.
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Fossar fjárfestingarbanki hf. hefur umsjón með frumsölu skuldabréfanna og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
2.	Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra	
	Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa fjárfestingarbanka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu verðbréfaflokksins.	
3.	Ástæður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðs eftir því sem við á	
	Ástæða fyrir útboði/sölu:	Fjármögnunaráætlun ársins. Skuldabréfin eru gefin út sem svokölluð „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna græn verkefni í samræmi við ramma Orkuveitu Reykjavíkur um græn skuldabréf, Reykjavík Energy Green Bond Framework. Græni ramminn er birtur á heimasíðu OR http://www.or.is/ og er aðgengilegur fjárfestum á skrifstofum félagsins
	Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	1 m.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	595 m.kr.
	Áætluð notkun ágóða:	Fjármögnun grænna verkefna í samræmi við grænan ramma Orkuveitunnar um græn skuldabréf, Reykjavík Energy Green Financing Framework.
4.	Ávöxtunarkrafa	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	4,08%
5.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við.
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Vísitala neysluverðs, birt af Hagstofu Íslands á vefsíðu www.hagstofa.is .
6.	Heimild til útgáfu	
	Orkuveitan getur, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 170 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem	

	lýst er í grunnlýsingu þessari, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing. Verðbréfin sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefin út skv. heimild stjórnar þann 27. janúar 2025. Verðbréf að nafnvirði 600.000.000,- hafa verið seld og er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann 26. júní 2025.	
7.	Auðkenni	
	ISIN númer:	IS0000036648
	CFI númer:	DBFUFR
	FISN númer:	ORKUVEITA REYKJ/3.70 BD 20450828
	Auðkenni:	OR280845 GB
8.	Lánshæfismat	
	Ef við á skal tilgreina lánshæfiseinkunn verðbréfanna og veita stutta skýringu á merkingu lánshæfiseinkunnar:	Á ekki við.
9.	Upplýsingar frá þriðja aðila	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	Upplýsingar í grunnlýsingunni byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila, öðrum en opinberum upplýsingum sem birtar hafa verið af opinberum aðilum.
10.	Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu.	Á ekki við.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

25. júní 2025

Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála

Hluti III: Samantekt

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. lýsingarreglugerðarinnar 2017/1129 og 9. gr. framseldrar reglugerðar 2019/979. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útbóði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

Inngangur og varnaðarorð

Samantekt þessa skal lesa sem inngang að grunnlýsingu dagsettri 2. október 2024 ásamt endanlegum skilmálum dagsettum 25. júní 2025, útgefnum af Orkuveitu Reykjavíkur. („útgefandi“ eða „móðurfélag“), sem varða tiltekin skuldabréf og/eða víxla útgefin af Orkuveitu Reykjavíkur sem gefa má út í samræmi við 170.000.000.000 kr. útgáfuramma.

Auðkenni verðbréfanna er OR280845 GB og er ISIN-númer þeirra IS0000036648. Útgefandi er Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, og viðskiptaheiti hans er jafnframt OR. Tölvupóstfang er or@or.is og símanúmer +354 516 6100. LEI auðkenni útgefanda er 5493004ARP9VPUIX5B73.

Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 14/2020 sem veittu ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129 lagagildi hér á landi með aðlögunum skv. 2. gr. laganna. Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur byggja á mati fjárfestisins á lýsingunni í heild. Vakin er athygli á því að fjárfestir kann að tapa allri eða hluta af fjárfestingu sinni og vísast til kafla um áhættuþætti í lýsingunni hvað þá áhættu varðar. Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlýsingu útgefanda gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft, samkvæmt landslögum, að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.

Það lögbara yfirvald sem staðfestir lýsinguna er Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið). Símanúmer Fjármálaeftirlitsins er +354 569 9600 og tölvupóstfang er fme@sedlabanki.is.

Lykilupplýsingar um útgefandann

2.1. Hver er útgefandi verðbréfanna?

Lögheiti útgefanda er Orkuveita Reykjavíkur en viðskiptaheiti útgefanda er jafnframt Orkuveitan eða OR. Tölvupóstfang er or@or.is og símanúmer +354 516 6100. Útgefandi er skráður á Íslandi með kennitölu 551298-3029 og lögheimili að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, Íslandi. LEI kóði útgefanda er 5493004ARP9VPUIX5B73.

Útgefandi er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og reglugerðar 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum. Með lögum nr. 58/2008 um breytingar á raforkulögum nr. 65/2003 var útgefandinn skyldaður til félagsaðskilnaðar á sérleyfis- og samkeppnishluta raforkustarfseminnar. Um starfsemi útgefanda og dótturfélög hans gilda m.a. orkulög nr. 58/1967, raforkulög nr. 65/2003, reglugerð 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerð nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga, svo og lög nr. 81/2003 um fjarskipti.

Orkuveitan er útgefandi og er móðurfélag samstæðunnar. Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur veitir þjónustu í gegnum dótturfélög þess sem öll eru í eigu móðurfélagsins. Helstu rekstrarfélög samstæðunnar, þar sem kjarnastarfsemi samstæðunnar fer fram, eru Orka náttúrunnar ohf., ON Power ohf., Veitur ohf., Carbfix hf. og Carbfix ohf. sem móðurfélagið á í gegnum eignarhaldsfélagið OR eignir ohf., Vatns- og fráveita sf. og Ljósleiðarinn ehf. Orkuveitan telst eining innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Allur rekstur og þar með tekjumyndun samstæðu Orkuveitunnar á sér stað í dótturfélögum.

Orkuveitan og dótturfélög stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu, rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni, enda tengist verkefnið kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að eiga dótturfélög og hlut í öðrum félögum.

Orkuveitan veitir þjónustu í gegnum dótturfélögin Veitur ohf., Orku náttúrunnar ohf., ON Power ohf. og Ljósleiðarann ehf. en þau sjá einstaklingum og fyrirtækjum fyrir vatni, rafmagni, fráveitu og gagnaflutningi. Tilgangur Carbfix ohf. er að stuðla að frekari þróun og útbreiðslu Carbfix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftslagsbreytingum. Hefðbundin veitubjónusta nær til 22 sveitarfélaga á sunnan- og vestanverðu landinu og þjónustar um 75% íslensku þjóðarinnar. Orkuveitan á og rekur þrjár virkjanir, þ.e. jarðgufuvirkjanirnar á Nesjavöllum, sem er í eigu og rekstri Orku náttúrunnar ohf. og Hellisheiði, sem er í eigu og rekstri ON Power ohf., ásamt vatnsaflsvirkjun í Andakílsá í Borgarfirði, sem er í eigu og rekstri Orku náttúrunnar ohf. Uppsett afl í varma og rafmagni þessara virkjana er samtals um 864 MW.

Útgefandi er í eigu Reykjavíkurborgar (93,539%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarbyggðar (0,933%). Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum.

Formaður stjórnar útgefanda er Dr. Gylfi Magnússon og varaformaður stjórnar er Vala Valtýsdóttir. Meðstjórnendur eru Skúli Helgason, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson og Valgarður Lyngdal Jónsson. Áheyrnarfulltrúi Borgarbyggðar er Guðveig Lind Eyglóardóttir og áheyrnarfulltrúi Starfsmannafélags OR er Unnur Líndal Karlsdóttir. Forstjóri útgefanda er Sævar Freyr Þráinsson. Framkvæmdarstjórar útgefanda eru Snorri Hafsteinn Þorkelsson, Hera Grímsdóttir og Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir. Framkvæmdastjórar dótturfélaga eru Sólrun Kristjánsdóttir (framkvæmdastýra Veitna ohf.), Einar Þórarinnsson (framkvæmdastjóri Ljósleiðarans ehf.), Árni Hrannar Haraldsson (framkvæmdastjóri Orku Náttúrunnar ohf. og ON Power) og Edda Sif Pind Aradóttir (framkvæmdastýra CarbFix ohf.)

Endurskoðandi útgefanda er Grant Thornton endurskoðun ehf., kennitala 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík. Davíð Arnar Einarsson og Theodór Sigurbergsson, endurskoðuðu og árituðu ársreikninga samstæðunnar fyrir árin 2021, 2022 og 2023. Þeir eru meðlimir í félagi löggiltra endurskoðenda. Engir hlutir í útgefanda eða tengdar afleiður eru í eigu Grant Thornton endurskoðunar ehf. eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun útgefanda.

2.2. Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann

Fjárhæðartölur eru gefnar upp í þúsundum króna.

Tafla 1 - Rekstrarreikningur

	2023	2022	2021
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	35.700.772	34.423.727	33.509.530

Tafla 2 – Efnahagsreikningur¹

	2023	2022	2021
Nettó vaxtaberandi skuldir	163.886.717	153.753.300	140.700.828
Veltufjárhlutfall ²	1,2	1,1	1,3
Vaxtaþekja ((Handb.fé frá rekstri – greiddir vextir)/greiddir vextir)	4,8	5,7	6,8

Tafla 3 – Sjóðsstreymisfirlit

	2023	2022	2021
Handbært fé frá rekstri	26.851.587	23.779.432	25.581.917
Fjármögnunarhreyfingar	1.787.361	(9.434.625)	(13.998.229)
Fjárfestingarhreyfingar	(24.862.037)	(17.966.001)	(17.072.056)

¹ Tölur fengnar með útreikningum út frá fjárhæðum í efnahags- og rekstrarreikningi.

² Án innbyggðra afleiðna meðal skammtímaskulda eða veltufjármuna.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda eða samstæðunnar síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil félagsins voru birt þann 7. mars 2024, sbr. endurskoðaður ársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2023. Ekki hafa orðið neinar verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu samstæðu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar um, sbr. árshlutareikning samstæðu á fyrstu sex mánuðum ársins 2024, sem var birtur þann 26. ágúst 2024.

2.3. Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Áhættuþáttum sem útgefanda er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um útgefanda og dótturfélög hans og gætu haft áhrif á virði verðbréfa útgefnum af útgefanda skiptir Orkuveitan í fjárhagslega áhættu, kjarnaáhættu, rekstraráhættu og tryggingar:

Fjárhagsleg áhætta, sem skv. áhættustefnu skal vera stýrt: *Markaðsáhætta*, þ.e. áhrif markaðssveiflna (gengissveiflur, erlent og innlent vaxtastig, verðlagsþróun, vaxtaálag á álverð) á fjárhagslegan styrk útgefanda. *Mótaðilaáhætta*, þ.e. áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á útgefanda, varðar stærð einstakra viðskiptavina, einsleita hópa viðskiptavina, innheimtuúrræði og endurheimtur. *Lausaffjáraáhætta*, þ.e. geta útgefanda til að mæta skuldbindingum og grípa tækifæri, varðar rekstrarútgjöld, afborganir af lánum, fjárfestingar og samsetningu eignasafns.

Kjarnaáhætta, sem fylgir kjarnastarfsemi Orkuveitunnar: Áhætta tengd hita-, vatns-, rafmagns-, frá- og gagnaveitu. Áhætta við orkuframleiðslu og – sölu. Samkeppni á kjarnasviðum.

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættu á tjóni eða skaða sem getur orðið vegna ófullnægjandi innri ferla eða kerfa, bilunar í búnaði, háttsemi starfsfólks eða vegna ytri þátta í rekstrarumhverfi. Orkuveitan fylgir formlegu ferli áhættustjórnunar og samanstendur rekstraráhættuferlið af kortlagningu, áhættumati, stýringum og eftirfylgni.

Tryggingar, sem taka til eignatjóns og ábyrgðartjóns en hingað til ekki hugsanlegs tekjutaps ef tjónsatvik leiða til rekstrarstöðvunar.

Lykilupplýsingar um verðbréfin

3.1. Helstu eiginleikar verðbréfanna

Auðkenni verðbréfanna er OR120845 GB og er ISIN númer þeirra IS0000036648. Skuldabréfin eru verðtryggð.

Þann 26. júní 2025 eru gefin út skuldabréf að nafnverði 600.000.000,- en áður hafa verið gefin út og tekin til viðskipta skuldabréf að nafnverði 8.000.000.000,-. Að auki hafa verðbréf að nafnverði 480.000.000,- verið gefin út til eigin nota í tengslum við samningsskuldbindingar gagnvart viðskiptavaka verðbréfaflokksins og eru þau verðbréf óseld. Er heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki opin. Skuldabréfin eru gefin út í 1. kr. nafnverðseiningum og eru gefin út í íslenskum krónum.

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (einnig „verðbréfamiðstöð“).

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.

Kröfur skuldabréfaeigenda á hendur útgefanda skulu jafnréttáár öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda öðrum en víkjandi kröfum og skuldbindingum sem njóta lögmælt forgangs.

Komi til fyrirframgreiðslu annarra lána útgefanda er skuldabréfaeigendum heimilt við ákveðin skilyrði að krefjast fyrirframgreiðslu í sama hlutfalli.

Útgefanda, og öðrum aðilum innan samstæðu hans öðrum en Ljósleiðaranum, er óheimilt að veita tryggingarréttindi.

Gjaldfellingar skuldabréfaflokksins, skv. heimildum í skilmálum hans, eru háðar samþykki að lágmarki 25% skuldabréfaeigenda, miðað við fjárhæð.

Til breytinga á skuldabréfaflokknum þarf samþykki útgefanda og að lágmarki 66,67% eða 90% skuldabréfaeigenda miðað við fjárhæð, eftir eðli breytinganna.

Engin hlunnindi eru tengd verðbréfunum umfram það sem skilmálar þeirra segja til um.

Höfuðstóll verður endurgreiddur með 42 jöfnum greiðslum, á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 28. febrúar 2025 og allt fram til lokagjalds 28. ágúst 2045.

Höfuðstóll er bundinn vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og miðuð við grunnvísitölugildið 633,00667 þann 29. ágúst 2024.

Útgefanda er heimilt að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti. Umframgreiðsla er einungis heimil á eftirfarandi hátt: Umframgreiðsla er heimil á öllum gjalddögum höfuðstóls frá og með 28. ágúst 2037. Útgefandi skal þá greiða umframgreiðslugjald af þeirri fjárhæð sem greidd er umfram samningsbundna afborgun höfuðstóls og vaxta. Skal umframgreiðslugjaldið nema 1,0% en lækka í 0,5% frá og með 28. ágúst 2041.

Greiðsla vaxta skal vera á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalds, í fyrsta sinn þann 28. febrúar 2025. Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðast 3,70% fastir ársvextir. Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við dagaregluna 30E/360.

Vanefni útgefandi greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum ber honum að greiða dráttarvexti.

3.2. Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Óskað verður eftir að hin seldu skuldabréf verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á öðrum skipulegum mörkuðum.

3.3. Eru verðbréfin með ábyrgð?

Á ekki við.

3.4. Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

Almenn áhætta verðbréfa: Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum er áhættusöm og þrátt fyrir að standa framar í röð kröfuhafa en til að mynda eigendur hlutabréfa, geta eigendur skuldabréfa og víxla tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í verðbréfunum, að heild eða hluta. Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum felur einnig í sér markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhætta og ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm.

Markaðs- og verðbólguáhætta: Verðmæti verðbréfanna getur rýrnað vegna breytinga á mörkuðum, m.a. á ávöxtunarkröfu. Breytingar á þeirri vísitölu, sem lögð er til grundvallar verðtryggða skuldabréfa, geta haft áhrif á virði verðbréfanna, ýmist til hækkunar eða lækkunar.

Seljanleikaáhætta: Sótt getur verið um að verðbréfin séu tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Þó að verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með þau. Seljanleikaáhætta er áhættan á að fjárfestum reynist ekki unnt að selja verðbréfin þegar vilji stendur til og á því verði sem væntingar þeirra standa til um.

Endurgreiðsluáhætta: Útgefandi gæti lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga.

Vaxtaáhætta: Markaðsvirði verðbréfa með föstum vöxtum lækkar að öllu öðru jöfnu ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu.

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna verðbréfa útgefanda er sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum verðbréfanna.

Uppgjörsáhætta í tengslum við verðbréfin felst í því að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

Uppgreiðsluáhætta: Skuldabréfin geta innihaldið ákvæði um heimild útgefanda til að greiða upp skuldabréfin hraðar eða að fullu áður en að samningsbundnum lokagjaldsdaga kemur,

Áhætta tengd óverðtryggðum verðbréfum: Fjárfestar standa frammi fyrir þeirri áhættu að óveðtryggðar kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakra trygginga í eignum útgefanda.

Áhætta tengd grænum verðbréfum: Græn verðbréf eru þau verðbréf útgefanda sem gefin eru út í samræmi við ramma útgefanda um græna fjármögnun eins og hann er á hverjum tíma. Breytingar á græna rammanum á líftíma verðbréfanna veita eigendum ekki gjaldfellingarheimild eða önnur réttindi.

Gjaldfellingarheimildir: Áhætta er fólgin í að eigendur skuldabréfanna hafa ekki einhliða rétt til að gjaldfella skuldabréf sín ef gjaldfellingarheimild skuldabréfaeigenda virkjust skv. ákvæðum skuldabréfanna, heldur er gjaldfelling háð samþykki tilskilins hluta skuldabréfaeigenda.

Breytingar á skilmálum geta verið háðar samþykki ákveðins hlutfalls eigenda verðbréfanna, svo ekki er víst að breytingar sem eigandinn veitir samþykki sitt fyrir, nái fram að ganga.

Lagaleg áhætta: Lög sem gilda um verðbréfavíðskipti og útgáfu verðbréfanna kunna að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir rekstur útgefanda.

Lykilupplýsingar um töku til viðskipta á skipulegum markaði

4.1. Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Á ekki við.

4.2. Hver er tilboðsgjafinn og/eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta

Sá aðili sem óskar eftir töku verðbréfanna til viðskipta er útgefandinn, Orkuveita Reykjavíkur.

4.3. Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Ástæða fyrir töku til viðskipta: Verið er að stækka áður útgefin flokk skuldabréfa OR280845 GB og óskað verður eftir því að hin seldu bréf verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Notkun nettófjárhæð ágóðans: Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna þau fjölmörgu grænu verkefni sem eru á döfinni hjá OR og dótturfyrirtækjunum – Veitum, Orku Náttúrunnar og Carbfir. Má þar nefna; orkuvinnslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum, svo sem raforkuvinnslu og stækkun hitaveitna, vatnsvernd og eflingu fráveitna, snjallvæðingu veitukerfa og metnaðarfull kolefnisbindingarverkefni.

Áætluð nettófjárhæð ágóðans 595 m.kr.

Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa fjárfestingarbanka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.